

BS ritgerð
í hagfræði

Bein erlend fjárfesting

Ingvar Freyr Ingvarsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hagfræðideild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Dr. Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur

Febrúar 2011

Útdráttur

Á síðastliðnum þremur áratugum í kjölfar alþjóðavæðingarinnar hafa ríki dregið úr hindrunum á beinum erlendum fjárfestingum. Í þessari ritgerð er farið yfir skilgreiningar á beinni erlendri fjárfestingu og kannað hvaða hagsmunir eru í húfi annars vegar fyrir fjárfestinn og hins vegar fyrir landið sem fjárfest er í. Skoðað er hvaða stefnu stjórnvöld hafa haft gagnvart beinum erlendum fjárfestingum og farið er yfir helstu kosti og galla sem af þeim hljótast. Skoðað verður í hvaða greinum erlendir aðilar hafa aðallega verið að fjárfesta í á Íslandi og þá umræðu sem skapast hefur í kringum fjárfestingar erlendra aðila í orkufyrirtækjum. Að endingu verður stefna írskra stjórnvalda gagnvart erlendri fjárfestingu könnuð en írsk stjórnvöld byrjuðu að laða að sér erlenda fjárfestingu skömmu eftir seinni heimstyrjöldina og hafa nád lengst ESB-landa í að laða að sér beina erlenda fjárfestingu.

Niðurstaða höfundar ritgerðarinnar er að það sé hagkvæmt fyrir ríki að laða að sér beina erlenda fjárfestingu en aftur á móti þurfa þau að vera varkár þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda.

Formáli

Þessi ritgerð er B.S ritgerð í hagfræði, skrifuð á tímabilinu frá ágúst 2010 til janúar 2011. Vægi ritgerðar er 12 ETCTS einingar og er ritgerðin lokaverkefni í B.S námi við Hagfræðideild Háskóla Íslands. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum dr. Sigurði Jóhannessyni fyrir leiðbeiningar og aðstoð við gerð ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	7
1. Hvað er bein fjárfesting?	8
1.1 Skilgreining	8
1.2 Hvaða hagsmunir eru í húfi?	8
1.2.1 Hagsmunir móttökulandsins	8
1.2.2 Hagsmunir fjárfestisins?	9
1.3 Hver hefur stefna ríkja verið gagnvart beinni erlendri fjárfestingu?	10
1.4. Alþjóðlegt fjármagn sem fer í beina erlenda fjárfestingu	12
1.5 Bein erlend fjárfesting borin saman við skuldasöfnun	13
2. Ísland	15
2.1 Kostir þess að fjárfesta á Íslandi.....	15
2.2 Stefna stjórnvalda gagnvart erlendum fjárfestingum.....	16
2.3 Af hverju er Ísland aðlaðandi ?.....	18
2.4 Bein fjármunaæign erlendra aðila á Íslandi.	20
2.4.1 Magma málið.....	22
2.4.2 Skýrsla um áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf	23
3. Írland.....	27
3.1 Bein erlend fjárfesting á Írlandi.....	27
3.2 Stefna Írsku ríkisstjórnarinnar	28
3.3 Áhrif beinu erlendu fjárfestinganna á Írland.....	33
Heimildaskrá.....	36

Töflu- og myndayfirlit

Mynd 1.1: Innflæði beinnar erlendrar fjárfestingar mæld í heiminum á gengi og verðlagi hvers árs.	12
Mynd 2.1: Hindranir í OECD löndunum, árin 1980-2000.	17
Tafla 2.1: Bein fjármunaæign erlendra aðila á Íslandi.	20
Mynd 3.1: Innflæði beinna erlendra fjárfestinga mælt sem hlutfall af landsframleiðslu.	28
Mynd 3.2: Samsetningu vinnuafls í framleiðslu (algildar tölur)	30
Tafla 3.1: Hlutfall erlendra fyrirtækja í framleiðslugeiranum á Írlandi, árið 1996.	31
Tafla 3.2: Útflutningur Írlands frá árinu 1960 til ársins 1999 (%).	32
Tafla 3.3: Hlutfall af meðal vöruútflutningi og innflutningi (merchandise exports and imports) af vergri landsframleiðslu árin 1970-2000 (%).	32
Tafla 3.4: Hlutfall vinnuafls í framleiðslufyrirtækjum í erlendri eigu fyrir valin OECD lönd.	33

Inngangur

Á Íslandi hefur undanfarið verið mikið rætt um þörf á að fá erlenda fjárfesta til stórra verkefna hér á landi til að koma hagkerfinu á stað á ný eftir stöðnun síðustu ára. Bein erlend fjárfesting felst í því að erlendir fjárfestir leggur fram fé til fyrirtækis sem beina fjárfestingu þ.e. hann eignast hærri hlut en 10% í fyrirtækinu. Verður hann við það eigandi að hluta af þeim virðisauka sem verður í fyrirtækinu ásamt því að geta haft áhrif á stjórnun þess. Því stærri sem hlutur fjárfestisins er því meiri verða áhrif hans á stjórn fyrirtækisins. Í umræðunni á Íslandi hafa verið verkefni eins og Helguvík og Bakki ásamt tilheyrandi virkjunarframkvæmdum. Í þessari ritgerð er bein erlend fjárfesting skilgreind og lýst helstu kostum og göllum sem henni fylgja. Þá er einnig gerð grein fyrir helstu aðferðum sem ríki beita til að laða að sér erlenda fjárfesta. Til að skýra málið betur er síðan fjallað um beina erlenda fjárfestingu á Íslandi og á Írlandi. Ísland er lítið land þar sem stórar erlendar fjárfestingar hafa átt sér stað með stóriðju og stjórnvöld hafa í áratugi reynt að laða að erlenda fjárfesta til að nýta raforkuauðlindir landsins. Stórar framkvæmdir og fjárfestingar sem hafa vegna smæðar landsins umtalsverð áhrif á efnahag og afkomu lands og íbúa. Einnig er vikið að þeirri miklu umræðu og gagnrýni sem skapast hefur í kringum kaup erlendra aðila á HS orku.

Á Írlandi hafa stjórnvöld á margvíslegan hátt hvatt erlenda fjárfesta til að koma til landsins til að auka atvinnu og styrkja útflutningsatvinnuvegi landsins. Verkefni sem írsk stjórnvöld byrjuðu á rétt eftir seinni heimsstyrjöldina til að vinna bug á atvinnuleysi og fólksflóttu.

Þessari ritgerð er ekki ætlað að koma með afgerandi niðurstöðu varðandi erlendar fjárfestingar heldur aðeins lýsa hvað í henni felst, kostum hennar og göllum.

1. Hvað er bein fjárfesting?

1.1 Skilgreining

Miðað er við að um beina fjárfestingu sé að ræða þegar að fjárfestir á 10% eða stærri hlut í fyrirtæki. Sé hluturinn minni telst hann til verðbréfaeignar. Flokkun á innlendum og erlendum aðilum miðast við búsetu (lögheimili), en ekki ríkisborgararétt, þannig að sá sem hefur lögheimili á Íslandi telst vera íslenskur (Stefán Arnarson, 2000/1).

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er bein fjárfesting, fjárfesting sem felur í sér langtíma hagsmuni af fyrirtæki í öðru landi en heimalandi fjárfestis og tilgangurinn með fjárfestingunni er að hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins (Arnór Sighvatsson, 1996). Ástæðan fyrir því að fyrirtæki í tilteknu landi hafa áhuga á erlendri fjárfestingu er sú að fyrirtækin vilja ekki láta frá sér þekkingu sem að þau búa yfir og vilja jafnframt hafa stjórn á framleiðslunni (Krugman, 2008). Fyrir erlenda fjárfesta felst hagræðið meðal annars í því að fella framleiðslu dótturfyrirtækisins við framleiðslu móðurfyrirtækisins. Einnig vilja fjárfestar nýta sér sérþekkingu sem fyrir er í viðkomandi landi eða fá tækifæri til að nýta auðlindir sem þar eru eða njóta annarra ívilnana sem yfirvöld veita til að hvetja erlenda fjárfesta til að koma með fjármagn inn í landið.

1.2 Hvaða hagsmunir eru í húfi?

1.2.1 Hagsmunir móttökulandsins

Beinar erlendar fjárfestingar hafa marga kosti í för með sér, þær auka hagvöxt og hafa almennt jákvæð áhrif á efnahagsþróun móttökulandsins. Erlendu fjárfestarnir koma með þekkingu og fjármagn inn í landið sem eykur efnahagsvöxt landsins. Þeir miðla tækniþekkingu sinni til fyrirtækisins sem þeir eru að fjárfesta í og auka þannig framleiðni þess. Þessi áhrif geta leitt til þess að innlend fyrirtæki sem starfa í

samkeppni við alþjóðafyrirtækin neyðist til þess að nota tæknina og auðlindirnar með hagkvæmari hætti. Þá hafa erlend móðurfyrirtæki oftast yfir stóru og þróuðu sölukerfi að ráða til að koma framleiðslunni á markað (Krugman, 2008).

Áhrif beinna erlendra fjárfestinga á möguleika landa til aukins hagvaxtar eru ótvíræðir. Innstreymi erlenda fjármagnsins eykur innlendan sparnað og fjárfestingu og hefur örvandi áhrif á hagvöxt í viðkomandi löndum. Auk þess að laða að erlent áhættufé þá eykur erlend fjárfesting möguleikana á auknum hagvexti í löndunum án þess að auka skuldabyrði og veikja þar með fjármagnsundirstöður sínar (Deutsche Bundesbank, 2003).

Stöðugleiki erlendrar fjárfestingar miðað við annað fjármagnsstreymi hefur verið nefndur sem einn helsti kostur hennar. Beinar erlendar fjárfestingar eru fjárfestingar til lengri tíma sem ekki er auðvelt að hverfa frá með stuttum fyrirvara nema með miklum tilkostnaði. Empírískar rannsóknir hafa sýnt að lítið flökt er á beinni erlendri fjárfestingu. Hinsvegar er flökt á bankalánum mest og þar á eftir kemur flökt á hlutabréfakaupum. Þar sem opinbert fjármagnsflæði fer minnkandi á vaxandi mörkuðum, þá er bein erlend fjárfesting stöðugasta fjármagnsflæði fyrir vaxandi markaðshagkerfi. Annað óstöðugra fjármagn getur valdið greiðslujafnaðarkreppu ef fjárfestar ákveða skyndilega að fara með peninga sína úr landinu (Deutsche Bundesbank, 2003).

1.2.2 Hagsmunir fjárfestisins?

Rannsóknir hafa sýnt að alþjóðafyrirtækin fjárfesta frekar í stækkun erlenda dótturfyrirtækisins heldur en í heimalandinu. Fyrsta ástæðan fyrir því gæti verið að innan þess lands sem dótturfyrirtækið starfar séu ódýrari aðföng. Sem dæmi má nefna að í áliðnaðinum starfar dótturfyrirtæki Alcoa Incorporation á Íslandi vegna hagstæðra raforkusamninga, en rafmagn er mikilvægur hluti af álframleiðslunni. Önnur ástæða fyrir því að fjárfestar vilja eiga hlut í fyrirtækinu er sú að það getur verið erfitt fyrir þá að leggja verðmat á sérþekkingu sem fjárfestar búa yfir en sem eigendur geta þeir notað sérþekkingu sína með hagkvæmum hætti. Þekkingin gæti t.d. verið tæknileg eða hvernig það eigi að stjórna fyrirtæki með hagkvæmum hætti. Þriðja ástæðan gæti verið að fyrirtækin vilja ráða yfir allri framleiðslunni, þ.e.a.s. að ef fyrirtækið framleiðir

ákveðna vöru býr yfir markaðsráðandi aðstæðum þá er hagkvæmara að eiga alla framleiðsluna heldur en að vera upp á aðra aðila kominn með hluta framleiðslunar (Krugman, 2008).

Þó svo að almennt sé talið að erlendar fjárfestingar hafi jákvæð áhrif á hagkerfi móttökulandsins þá má færa fyrir því rök að ókostir geti vegið upp kostina. Þetta bendir Sornarajah á í bók sinni *International Law on Foreign Investment* en þar segir meðal annars að hagnaðurinn sem fari úr landi geti verið meiri en fjármagnsflæðið vegna fjárfestinga sem fer inn í landið (Nefnd um orku - og auðlindamál, 2010).

1.3 Hver hefur stefna ríkja verið gagnvart beinni erlendri fjárfestingu?

Þó svo að lönd geri sér meira og meira grein fyrir hagræna ábatanum af beinni erlendri fjárfestingu þá eru ýmsar takmarkanir ennþá við lýði í heiminum. Aðalrökin fyrir takmörkunum eru þau að verið sé að gæta að hagsmunum íbúa landanna. Í Danmörku, Finnlandi og á Írlandi eru takmarkanir á erlendu eignarhaldi á tilteknum landssvæðum eða settar eru kröfur um búsetu erlendra aðila sem óska eftir því að eignast ákveðin landssvæði (The World Bank Group, 2010). Víða eru settar takmarkanir á að meirihlutaeign í ákveðnum atvinnugeirum skuli vera hjá innlendum aðilum. Þessar takmarkanir eru settar varðandi meirihlutaeign í flugfélögum hjá Evrópusambandinu og löndum í Norður–Ameríku. Í Japan verður meirihlutaeign í fjarskiptafyrirtækjum að vera í eigu innlendra aðila. Í Bandaríkjunum verður meirihlutaeign í strand- og ferskvatnsflutningum að vera í eigu Bandaríkjamanna og í Mexíkó eru hömlur á erlendu eignarhaldi í olíuáæðunum (OECD, 2003).

Á síðustu árum hafa stjórnvöld einstakra landa breytt stefnu sinni gagnvart erlendum fjárfestingum og í skýrslu OECD sem fjallar um hindranir gagnvart beinni erlendri fjárfestingu kemur fram að hindranir hafi farið minnkandi í öllum OECD löndum frá 1980. Ástæður fyrir þessari stefnubreytingu stjórnvalda eru margvíslegar en ætla má að kostir erlendra fjárfestinga hafi vegið þungt þegar á móti blés vegna efnahagslögða og erlent fjármagn hafi verið talið heppilegast til að stuðla að bata (OECD, 2003).

Í greininni *Liberalizing Foreign Direct Investment Restriction in Canada: A Multi – Country Computable General Equilibrium Analysis* fjalla þeir Mérette,

Georges og Dissou um áhrifin af því að draga úr takmörkunum á beinni erlendri fjárfestingu í Kanada. Áhrifin eru mismunandi og fara eftir því hvort dregið er úr hindrunum á beinni erlendri fjárfestingu milli bæði Kanada og Bandaríkjanna (tvíhliða) eða þá einungis dregið úr hindrunum á beinni fjárfestingu í Kanada (einhliða). Fjölpjóðlegu áhrifin könnuðu jákvæðu áhrifin á heildar framleiðni í Kanada. Niðurstöðurnar voru þær að það að draga úr hindrunum á beinni erlendri fjárfestingu myndi gagnast öllum svæðum í heiminum og aðallega í þeim tilfellum þar sem hindranirnar voru miklar. Niðurstöðurnar gáfu einnig til kynna að fyrirtæki sem eru í erlendri eigu upplifi meiri aukningu í framleiðslu samanborið við fyrirtækin sem eingöngu eru í eigu innlendu aðilanna (Mérette, Georges og Dissou, 2008).


Víða eru takmarkanir á meirihlutastjórn innan fyrirtækja. Sem dæmi um það má nefna að íbúar innan Evrópusambandsins verða að vera í meirihluta í stjórn hjá tryggingarfélögum (OECD, 2003).

Mörg ríki í heiminum reyna að laða til sín beina erlenda fjárfestingu og hafa stjórnvöld t.d. breytt pólitískri stefnu sinni með það fyrir augum að laða að erlent fjármagn. Dæmi um ívilnanir eru undanþágur frá tolli, skattaívilnanir, styrkir fyrir uppbyggingu o.s.frv (Deutsche Bundesbank, 2003). Aðferðirnar við að laða að beina fjárfestingu eru kostnaðarsamar og því eðlilegt að velta fyrir sér hvort að fjárfestingarnar skili af sér nægum ábata til samfélagsins til þess að veða upp á móti kostnaðinum. Einnig hefur verið bent á að ívilnanir geti haft þau áhrif að staða innlendu fyrirtækjanna sem standa í samkeppni við alþjóðafyrirtækin verði enn verri en áður og geti þar með leitt til gjaldþrots þeirra. Í ritinu *The Economics of Foreign Direct Investment Incentives* færa Blomström og Kokko rök fyrir því að ívilnanir eigi að fara jafnt til innlendra og erlendra fjárfesta. Þeir benda á að jákvæð smitunaráhrif frá erlendum aðilum verði aðeins til ef innlendu fyrirtækin geti tileinkað sér erlendu tækniþekkinguna og færni. Þeir telja hagkvæmast að ívilnanir séu vegna þeirrar starfsemi sem er líklegust til að skapa sem mest smitunaráhrif eins og á sviði rannsókna og þróunar (Blomström og Kokko, 2003).

Flestir eru þó sammála um að stjórnvöld eigi frekar að einbeita sér að því að styrkja innviði landsins s.s. lagaumhverfi o.fl. Það hafi jákvæð áhrif á hagkerfið í heild sinni og geri þau um leið aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta. Stjórnvöld eiga að gæta þess að eignarréttur sé virtur, draga úr spillingu, mennta vinnuaflið og framfylgja lögum (Inter-American Development Bank, 2001).

1.4. Alþjóðlegt fjármagn sem fer í beina erlenda fjárfestingu

Mynd 1.1: Innflæði beinnar erlendra fjárfestingar mæld í heiminum á gengi og verðlagi hvers árs.



Heimild: Unnið úr gögnum frá Unctad á árunum 1970 – 2008. (Unctad, 2010)

Frá árinu 1970 til ársins 2000 jókst bein erlend fjárfesting (innflæði og útflæði) í heiminum og fór hæst í 1.401.466 milljónir dollara árið 2000. Á árunum 2001, 2002 og 2003 dróst fjárfestingin saman en jókst svo aftur og komst hæst í 2.099.973 milljónir dollara árið 2006 en dróst svo aftur saman. Hugsanleg ástæða fyrir því að fjármagn í umferð dróst saman á árunum 2001 og 2007 eru kreppunnar sem komu upp á þeim tíma. Samkvæmt Hagfræðistofnun Bandaríkjanna *National Bureau of Economic Research* hófst kreppa í Bandaríkjunum í mars 2001 (Hall o.fl., 2001), svokölluð dot.com kreppa sem hafði áhrif víða um heim (Beattie, 2002). Á næstu 73 mánuðum ríkti hagvöxtur, en árið 2007 tók við alþjóðleg fjármálakreppa sem átti einnig upphaf sitt í Bandaríkjunum (National Bureau of Economic Research, 2008).

1.5 Bein erlend fjárfesting borin saman við skuldasöfnun

Þegar ríkisstjórn vantar fjármagn til að hefja framkvæmdir þá má reyna að laða að sér erlendar fjárfestingar. Erlendu fjárfestingarnar skiptast í beinar fjárfestingar, verðbréfafjárfestingar og lán sem oftast eru bankalán. Ástæður þess að innlendu fyrirtækin leita að fjármagni erlendis frá geta verið margvíslegar, en yfirleitt eru fyrirtækin að leita að hagstæðari lánnum en fyrir hendi eru í heimalandinu. Einnig getur stærð fjárfestingarinnar verið meiri en heimalandið ræður við eitt.

Eins og fram hefur komið er munur á erlendum fjárfestingum, einkum vegna mismunandi aðstæðna erlendu fjárfestanna. Í fræðigreinum hefur verið bent á það að fjárfestar sem eru líklegri til þess að lenda í lausafjárvandræðum vilji frekar fjárfesta fyrir minna en 10% hlut. Þannig eigi þeir auðveldara með að selja hlutinn skyndilega án þess þó að hann glati verðgildi sínu. Aftur á móti eru fjárfestar sem líta til lengri tíma síður líklegri til þess að lenda í lausafjárvandræðum og eru því tilbúnir til að fjárfesta í stærri hlut í fyrirtækjunum. Yfir 10% hlutafjáreign í fyrirtæki gerir það að verkum að fjárfestirinn hefur stærra hlutverk í fyrirtækinu og býr yfir meiri upplýsingum og því verður erfiðara að selja þann hluta vegna þess að tilvonandi kaupendur munu telja að salan sé vegna slæms útlits fyrirtækisins sem almenningur hefur ekki upplýsingar um. Goldstein og Razin rannsökuðu þessa þætti með því að gera líkan af svipuðum fjárfestum, sem hefðu sömu líkur á að lenda í lausafjárkrísu en fjárfestu í mismunandi atvinnugeirum. Niðurstaðan var sú að beinir erlendir fjárfestar viti að þeir lenda síður í lausafjárkrísu, eru betur upplýstir um fjárfestinguna (hafa sérþekkingu) og geta stjórnað henni með hagkvæmum hætti (Goldstein og Razin, 2002).

Einnig hefur verið sýnt fram á að beinar fjárfestingar í samanburði við aðrar fjárfestingar gegna stóru hlutverki í fjárfestingum og framleiðsluvexti innan þess lands sem fjárfest er í. Razin sýnir fram á þetta en hann byggir rannsókn sína á gögnum sem hann og aðrir gerðu sem meðal annars fól í sér að könnuð voru áhrifin af beinum erlendum fjárfestingum, erlendum lánnum og erlendum verðbréfafjárfestingum á

innlenda fjárfestingu sem hlutfall af vergri landsframleiðslu með úrtaki 64 þróaðra landa ásamt Ísrael á tímabilinu 1976 – 1997 (Razin, 2002).

Í ritinu *Foreign Direct Investor in Three Financial Crisis* bar Lipsey saman innstreymi beinnar erlendar fjárfestingar við aðrar tegundir af erlendum fjárfestingum í þremur fjármála- og gjaldeyriskreppum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að beinu erlendu fjárfestingarnar voru mun stöðugri, þ.e.a.s. þær voru fljótari að ná sér á strik aftur og drógust minna saman. Einnig sýndi hann fram á að í kreppunum í Rómönsku Ameríku 1982 og Mexíkó 1994 áttu bandarísku fyrirtækin auðvelt með að auka útflutning og draga úr sölu á innlendu mörkuðum (Lipsey, 2001). Af þessu má draga þá ályktun að bein erlend fjárfesting sé stöðugri að því leytinu að fjárfestar hugsa til lengri tíma. Einnig má álykta að alþjóðafyrirtæki eigi auðveldara með að bregðast við gjaldeyriskreppu og stöðnun á innlendum markaði með sókn á aðra markaði.

2. Ísland

„Hér á Íslandi höfum við alla burði til að draga til okkar jákvæða erlenda fjárfestingu með vísan til þeirra náttúrugæða, hreinnar orku, stjórnsýslulegra innviða, menntunarstigs og þekkingar sem hér er að finna“ Tilvitnun úr ræðu Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra á ráðstefnu um beina erlenda fjárfestingu (Katrín Júlíusdóttir, 2009).

2.1 Kostir þess að fjárfesta á Íslandi

Ísland er lítið opið hagkerfi með hátt menntunarstig og mikla atvinnuþátttöku. Reyndar hefur hrun bankanna í október 2008 haft þau áhrif að sett hafa verið höft á gjaldeyrisústreymi og skilaskyldu á gjaldeyri vegna útflutnings. Þótt reynt sé að hafa þessi höft þannig að þau hamli ekki erlendum fjárfestum að fjárfesta á Íslandi virðist samt sem fjárfestar haldi að sér höndum og þeir bíði til að sjá hver framvindan verður á Íslandi. Gengi krónunnar er fljótandi sem þýðir að þegar mikið fjármagn kemur inn þá styrkist gengið. Beinar erlendar fjárfestingar á Íslandi ættu því að styrkja gengi krónunnar og auka framleiðslu sem aftur leiðir til þess að atvinna eykst. Ef erlenda fjárfestingin er í útflutningsfyrirtækjum þá ætti fjárfestingin að hafa enn meiri áhrif á krónuna þar sem viðskiptajöfnuður batnar. Að því gefnu að fjárfestingin væri framkvæmd sem annars hefði ekki verið farið í. Ábatinn fyrir þjóðfélagið felst í upphafsframkvæmd og virðisaukanum hér á landi. Í byrjun verður mest innstreymi á erlendu fjármagni vegna uppbyggingar fyrirtækisins og því sem fylgir. Á Íslandi hafa beinar erlendar fjárfestingar einkum verið í stóriðju og þeim hefur fylgt tilheyrandi virkjunarframkvæmdir. Annar ábati og þá til lengri tíma er einkum laun starfsmanna (að því gefnu að þeir séu innlendir) skattar og viðskipti við innlend fyrirtæki. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum smitunaráhrifum vegna tækni og þekkingar (Indriði H. Þorláksson, 2009).

Þekkt er að því hærra sem menntunarstigið er þeim mun auðveldara er fyrir þjóðir að tileinka sér tækni annarra þjóða. Á Íslandi er hátt menntunarstig og því ættu Íslendingar að vera móttækilegri fyrir þeirri þekkingu sem erlendir aðilar koma með inn í landið. Bætt tækniþekking leiðir af sér meiri framleiðni, getur leitt af sér nýjungar á öðrum sviðum og eykur því hagvöxt landsins. Menntunin hefur einnig áhrif á hvaða atvinnugreinar erlendir fjárfestarnir velja til fjárfestinga. Vel menntað vinnuafli Íslendinga ætti því að leiða til þess að fjárfest yrði í þróaðri atvinnugreinum en ella. Aukin sókn íslenskra fyrirtækja inn á þá markaði gæti þar með ýtt undir eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli og þannig fjölgað menntuðu fólki í þjóðfélaginu sem hefur jákvæð áhrif á hagvöxt.

Smæð íslenska hagkerfisins hefur þau áhrif að hver erlend fjárfesting vegur þyngra en í stærri hagkerfum. Þannig gæti ein stór erlend fjárfesting skapað næg störf og efnahagslegan ábata og farið langt með að halda uppi litlu bæjarfélagi úti á landi. Fjárfestingarnar geta líka falið í sér tækifæri til þess að fara í verkefni sem annars hefði aldrei verið farið í vegna þess að Íslendingar hefðu ekki tæknilegt eða fjárhagslegt bolmagn til þess að standa að verkefninu.

2.2 Stefna stjórnvalda gagnvart erlendum fjárfestingum


Í gegnum árin hefur Ísland verið með þá stefnu að reyna að fá inn í landið stóriðju sem myndi nýta orku í miklum mæli. Ekki hefur verið sérstök stefna gagnvart öðrum erlendum fjárfestingum, nema takmörkun þeirra í vissum atvinnugreinum í þeim tilgangi að gæta að íslenskum hagsmunum. Með þróun í átt til frjálsara markaðshagkerfis, þ.e með lítilli spillingu, ríkulegum mannaúð og réttarríki, hefur Ísland þó óbeint laðað að sér erlenda fjárfestingu.

Í skýrslu OECD árið 2003 um hindranir á beinum erlendum fjárfestingum kemur fram að frá 1980-2000 var Ísland í hópi þeirra ríkja sem voru með mestu hindranirnar ásamt Kanada, Tyrklandi, Mexíkó, Ástralíu, Austuríki, Kóreu og Japan. Rannsóknin fór þannig fram að tekinn var fjöldi hindrana úr níu atvinnugreinum og af þeim voru sjö úr þjónustuiðnaði. Áhrif hindrana á líkanið eru mismunandi eftir því hversu strangar þær eru og er til dæmis takmörkun á erlendri eignaraðild mun strangari en tilkynningaskylda svo sem að fyrirtæki sendi eyðublað til

iðnaðarráðuneytis um að erlendum fjárfestir hafi fjárfest í því. Dæmi um hindranir sem nefndar voru eru hömlur á innflutningi á erlendum starfsmönnum og frelsi til atvinnurekstrar (OECD, 2003).

Mynd 2.1: Hindranir í OECD löndunum, árin 1980-2000.

Lóðrétti (Y) ásinn, frá 0 og upp í 1, vísar til þess hversu miklar hindranir eru í löndunum



Heimild:Skýrsla OECD, <http://www.oecd.org/dataoecd/24/35/2956455.pdf>

Eins og sjá má á myndinni þá eru hömlur á erlendra fjárfestingu á Íslandi mun meiri en í öðrum löndum og mun meiri en á Norðurlöndunum og Írlandi. Þessar niðurstöður gætu gefið vísbendingu um hvers vegna bein erlend fjárfesting á Íslandi var mun minni en í hinum löndunum á þessum árum.

Einnig má sjá á myndinni hefur dregið töluvert úr hindrunum á Íslandi frá árinu 1980 til ársins 2000 en hindranirnar eru samt sem áður mestar á Íslandi.

Stjórnvöld á Íslandi hafa mjög skýra stefnu gagnvart fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi, orkugeiranum og flugfélögum með það að markmiði að vernda

íslenska hagsmuni. Í sjávarútvegi og orkugeiranum mega aðeins fjárfesta aðilar sem búa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í orkugeiranum geta erlendir fjárfestar sótt um réttindi til orkunýtingar, þ.e.a.s. framleiðslu og dreifingar á orku. Í sjávarútvegi er bein eignaraðild erlendra aðila í fiskveiðifyrirtækjum bönnuð en fyrirtæki sem eru allt að 25% í erlendri eigu (33 % í vissum tilvikum) geta átt fiskveiðifyrirtæki. Bein og óbein eignaraðild upp að 49% er hinsvegar möguleg. Þeir sem búa utan Evrópska efnahagssvæðisins mega ekki eiga meira en 49% hlut í íslenskum flugfélögum (Seðlabanki Íslands, Economic of Iceland, 2010).

Þeir sem búa ekki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða hjá OECD þurfa að sækja um leyfi hjá viðskipta- og efnahagsmálaráðherra eða hjá viðeigandi yfirvöldum til þess að stofna eða taka þátt í rekstri fyrirtækja og sitja í stjórn íslenskra fyrirtækja. Eins mega fyrirtæki og aðrir aðilar sem búa utan Evrópska efnahagssvæðisins og OECD ekki starfa hér á landi nema að það sé leyfilegt í alþjóðlegum samningi sem Ísland hefur undirritað eða leyfi sé veitt af viðskipta og efnahagsmálaráðherra (Invest in Iceland Agency, 2010).

2.3 Af hverju er Ísland aðlaðandi ?

Ísland er lítið land sem er ríkt af náttúruauðlindum. Helstu auðlindir landsins eru fiskistofnar, vatnsorka og jarðvarmi. Íslenska kvótakerfið hefur virkað vel til að vernda auðlindina og verðmæti í sjávarútvegi hafa aukist. Það hefur leitt til þess að best reknu fyrirtækin hafa haldið velli og aflað er með hagkvæmum hætti. Mikið er af nýtanlegri vatnsorku á Íslandi og er raforkuverð lágt miðað við mörg önnur lönd. Jarðvarmi er meðal annars notaður til að hita upp hús á Íslandi og er kostnaðurinn við það mun lægri en með olíuhitun (Capacent Glacier, 2009).

Fjöldi hátæknifyrirtækja hefur sprottið upp á Íslandi á undanförunum árum. Þau hafa sótt á erlenda markaði og stofnað dótturfyrirtæki tengd starfsemi sinni. Þar hefur sérþekking í jarðhita og sjávarútvegi skilað sér og hafa Íslendingar hjálpað öðrum þjóðum í þeim efnum. Eins hafa hugbúnaðar- og þróunarfyrirtæki sótt á alþjóðlega markaði og aukið starfsemi sína. Gengisfall krónunnar í kjölfar hrunsins 2008 hefur skapað fyrirtækjunum hagstæð kjör en um leið hefur bankahrunið gert þeim erfitt fyrir að afla fjármagns. Mikil óvissa hefur ríkt á íslenskum hlutabréfamarkaði og síðustu

misseri hefur verið pólitískur óstöðugleiki í þjóðfélaginu. Í kjölfar þessa hefur verið lítið framboð af erlendri fjárfestingu þrátt fyrir mikla eftirspurn. Ríkisstjórnin ásamt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur unnið markvisst að því að skapa hagkvæmt viðskiptaumhverfi. Skjótan bata efnahagslífsins ber að þakka þeim tryggu undirstöðum sem samfélagið byggir á. Má þar meðal annars nefna að á Íslandi er sterkt réttarríki og lítil spilling (Þórður Friðjónsson o.fl., 2002) .

Á Íslandi er mikið af ósnortnu landsvæði og hafa erlend kvikmyndafyrirtæki sóst eftir því að taka upp kvikmyndir og þætti hér á landi. Stjórnvöld veita styrki sem fela í sér að allt að 20% af heildarkostnaði við verkefnið er endurgreiddur (Invest in Iceland Agency, 2010).

Ísland hefur ásamt mörgum löndum þróast í átt að frjálsara markaðshagkerfi. The Wall Street Journal og The Heritage Foundation nota kenningar Adam Smith við að búa til kvarða á efnahagsfrelsi einstakra ríkja . Í skýrslu sem gefinn var út árið 2010 er Ísland í 9 sæti af 43 löndum í Evrópu og efnahagsfrelsi þess mælt á heimsvísu mælist yfir meðallagi. Tryggar undirstöður eru helsta ástæðan fyrir því, þ.e.a.s. hagkvæmt viðskiptaumhverfi þar sem lítil spilling þrífst, sterkt réttarríki og hagstæð skattastefna. Á Íslandi er skattur á fyrirtæki um 18% sem er með því lægsta sem þekkt innan ríkja OECD. Lágir skattar laða að og ef tekst að laða að erlenda fjárfestingu þá þurfa íslensk fyrirtæki ekki lánsfé. Þegar það eru lágir skattar þá geta innlendu fyrirtækin notað aukinn hagnað til frekari fjárfestinga (Miller, Holmes, Roberts og Kim, 2010) .

2.4 Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi.

Tafla 2.1: Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
SAMTALS	32.303	34.660	42.136	70.652	64.292	84.709	126.782	295.296	549.444	1.015.493	1.110.117	1.078.179
Landbúnaður og fiskveiðar	59	117	69	57	54	61	-	1	1	1	126	152
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	504	434	419	189	46	4	-	-	-	-	71	73
Framleiðsla þar af:	21.633	22.837	27.558	36.416	35.522	35.840	52.831	120.999	200.782	219.334	354.816	361.116
Matvælaframleiðsla	314	1.076	1.753	2.320	2.613	2.983	3.220	4.485	14.140	15.828	11.843	2.109
Textíl- og fataiðnaður	3	3	3	-	-	-	-	-	-	223	-69	-73
Efnaiðnaður, gúmmí- og plastvöruframleiðsla	1.057	974	1.559	3.540	6.471	9.659	10.822	36.408	30.202	850	519	802
Stóriðja og málmíðnaður	20.259	20.784	23.619	29.649	25.165	21.941	36.943	75.623	148.922	191.656	331.360	343.738
Raftæki og tæknivörur	-	-	623	907	1.272	1.257	1.845	4.483	7.517	10.778	11.163	14.540
Prentun og fjölföldun upptekins efnis	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Rafmagns-, gas-, hita- og vatnsveitur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1	5.769
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	564	681	1.036	2.774	1.300	1.318	1.426	1.774	3.281	4.508	6.988	7.561
Verslun	2.562	3.615	5.284	6.101	11.203	2.974	3.292	3.174	15.580	15.335	22.364	23.317
Hótel- og veitingarekstur	-	-	2	3	279	267	272	282	473	483	168	168
Flutningar og geymsla þar af:	853	380	133	273	1.469	671	2.659	13.272	28.054	31.001	-3.609	16.658
Land-, sjó- og loftflutningar	472	28	31	31	1.177	469	2.432	13.017	28.054	31.001	-3.609	16.658
Vörugeymsla og stöðstarfsemi fyrir flutninga	381	352	102	242	292	202	227	255	-	-	-	-
Upplýsingar og fjarskipti þar af:	153	-1	-157	-113	2.099	2.162	288	14.639	13.167	14.598	20.822	2.106
Fjarskipti	153	-1	-157	-113	2.099	2.162	288	14.639	13.167	14.598	20.781	87
Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	41	2.020
Fjármála- og váttryggingastarfsemi þar af:	2.281	1.781	2.455	3.376	3.013	1.341	727	117.536	257.005	375.968	70.836	339
Rekstur banka, sparisjóða og fleira	2.281	1.781	2.455	2.565	2.473	1.341	727	117.536	257.005	375.968	67.336	-423
Fjárvörslusjóðir, sjóðir og önnur sérhæfð fjársýslufélög	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Váttryggingar	-	-	-	811	540	-	-	-	-	-	3.500	762
Eignarhaldsfélög	271	607	1.027	1.517	1.009	33.652	61.361	23.417	27.337	352.749	638.359	662.285
Fasteignafélög	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-41	-
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	3.422	4.208	4.310	20.060	8.298	6.418	3.925	202	3.763	1.517	-785	-1.367

¹⁾ Hinn 1. janúar 2008 tók gildi ný atvinnugreinaflokkun á Íslandi, ÍSAT 2008. Flokkunin er byggð á nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev.2.

Þegar gögn um beina fjármunaeygn erlendra aðila á Íslandi eru skoðuð þá er varasamt að rýna í tölurnar frá árunum 2008 og 2009 þar sem þá varð hrun á Íslandi. Í köflunum hér á eftir verður áhersla lögð á stóriðjuna og Magma málið. Ekki verður fjallað um allar fjárfestingar þó svo að tölur um fjárfestingar í öllum atvinnugreinum séu birtar. Ástæðan fyrir því að Magma málið er valið er sú mikla umræða sem orðið hefur í þjóðfélaginu í kringum það mál og miklar vangaveltur um það hvort leyfa eigi erlendum aðilum að fjárfesta í orkugeiranum á Íslandi. Erlendir fjárfestar hafa aðallega verið að fjárfesta í stóriðju á Íslandi og þess vegna er áhugavert að skoða hvaða áhrif það hefur haft.

Þegar tölur um beina erlenda fjármunaeygn erlendra aðila á Íslandi eru skoðaðar má sjá að bein fjármunaeygn erlendra aðila eykst jafnt og þétt að undanskildu árinu 2002. Athyglisvert er að frá árinu 2006 til ársins 2007 þá jókst bein fjármunaeygn erlendra aðila um nær 84,82 %. Aukningin var einna mest í framleiðslu (stóriðju), fjármála- og váttryggingastarfsemi (rekstur banka, sparisjóða og fleira) og svo í eignarhaldsfélögum. Aukin áhersla á fjármála- og váttryggingastarfsemi hófst ekki að neinu marki fyrr en á árinu 2005 en fram til þess tíma höfðu erlendir aðilar einungis sýnt stóriðjunni áhuga. Í grein Daníels Svavarssonar og Pétur Arnars Sigurðssonar um erlenda stöðu þjóðarbúsins og þáttatekjur kemur fram að frá árinu 1998 þó aðallega á árinu 2005 höfðu erlend félög í eigu innlendra aðila eignast eignarhlut í fyrirtækjum á Íslandi. Því má hafa fyrirvara á þeim tölum þar sem það kann að vera að innlendir aðilar standi við bakið á þeim fjárfestingum (Daníel Svavarsson og Pétur Ö. Sigurðsson, 2007).

Í ársskýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2005 færa þeir Gylfi Zöega og Tryggvi Þór Herbertsson rök fyrir lítilli ásókn erlendra fjárfesta til Íslands fram á miðjan tíunda áratuginn. Þeir benda á að markaðurinn á Íslandi sé smár í alþjóðlegum samanburði og fjarlægðin frá öðrum markaðssvæðum sé mikil. Þau fyrirtæki sem sækja inn á markaði séu að nálgast ódýrar auðlindir og framleiðsluþætti. Að lokum benda þeir á að líklegt sé að krónan fæli erlenda fjárfesta frá og að innganga í myntbandalag með stærri og dýpri fjármálamarkað kynni að auka beina erlenda fjárfestingu á Íslandi (Gylfi Zöega og Tryggvi Þór Herbertsson, 2005).

2.4.1 Magma málið

Erlend fjárfesting á Íslandi með það markmið að fjárfesta í auðlindum

Í skýrslu um kaup Magma Energy Sweden AB á eignarhlutum í HS Orku hf. sem tekin var saman af nefnd um orku- og auðlindamál er stiklað á stóru um áhrif þess að erlendir aðilar fjárfesti í orku og auðlindum á Íslandi. Umræðan er á þá leið að íslenskir hagsmunir muni lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum erlendra aðila við ráðstöfun auðlindanna. Þar sem innlendir aðilar munu eiga í erfiðleikum með að keppa við erlenda fjárfesta þá skerði það möguleika Íslendinga til að hafa áhrif á orkuvinnsluna. Í skýrslunni er fjallað um réttlæti þess að takmarka aðgang erlendra aðila að orkuauðlindum þegar um er að ræða hagsmuni vegna náttúru og umhverfis. Bent er á að þar sem orkulindirnar eru náttúrlegt verðmæti þá þyki rétt að þeir sem ráða yfir auðlind séu þeir sem hafa mestra hagsmuna að gæta þ.e.a.s. hið opinbera. Einnig er bent á að Íslendingar og komandi kynslóðir eigi að hafa um það að segja til hvers orkan sé nýtt því það verði Íslendingar sem hljóti skaða af verulegum eða óafturkræfum spjöllum sem geta orðið til við nýtingu orkulindarinnar.

Skýrslan flokkar hagsmuni vegna nýtingar á náttúruauðlindum til orkuframleiðslu í þrennt: efnahagslega, pólitíska og náttúrufarslega.

Með efnahagslegum hagsmunum er átt við hvað orkugeirinn er mikilvægur til þess að njóta hagsældar á Íslandi og í því sambandi bent á að afurðir orkufreks iðnaðar voru um 35 % af útflutningsverðmætum Íslands á árunum 2009 -2010.

Pólitískir hagsmunir felast í því að stjórn á orkuauðlindunum hefur í för með sér mikið vald þar sem þjóðfélagið í heild sinni tengist auðlindinni með einhverjum hætti. Einnig er mikið í húfi vegna verðmæta sem orkuauðlindirnar skapa. Því gæti misskipting auðsins vakið andúð í þjóðfélaginu. Ef engar takmarkanir eru á erlendri fjárfestingu þá eru líkur á því að markaðsverðmæti auðlindanna hækki, sem aftur takmarkar möguleika ríkisins á að leysa til sín réttindi með viðeigandi bótageiðslum.

Hvað varðar náttúrufarslega hagsmuni þá er nefnt að eðlilegt sé að þeir sem hafi mestra hagsmuna að gæta hafi yfirráð yfir orkulindunum. Einnig er bent á að þar sem virkjun orkuauðlinda feli í sér veruleg og oftast óafturkræf spjöll, þá sé réttlátt að þeir sem hana eigi hafi um það að segja til hvers hún sé nýtt s.s. til virkjunaframkvæmda (Nefnd um orku - og auðlindamál, 2010) .

Eins og áður hefur komið fram getur verið hagkvæmt að fá erlenda aðila til að koma sem fjárfestir til landsins. Það sem kom í ljós þegar málið með HS orku byrjaði að almenningi stendur ekki á sama í hverju er fjárfest. Umræðan um Magma bendir til þess að almenningur telji að orkufyrirtæki og nýting auðlinda landsins eigi að vera undir forræði þjóðarinnar. Ég get að vissu leyti verið sammála þessari skoðun þegar um er að ræða orkufyrirtæki og auðlindir sem nýttar eru af íslenskum fyrirtækjum og almenningi. Þjóðareign þeirra auðlinda tryggir þessa grunnþjónustu (rafmagn, hita) á réttlátu verði. Þegar þessi hlutur er tryggður þá tel ég að leyfa eigi aðkomu erlendra fjárfesta að orkufyrirtækum að því tilskyldu að nýtingarréttur auðlinda sé tímabundin og að tímanum liðnum eignist opinber aðili allan rétt að nýju ásamt fyrirtækinu samanber samning um Hvalfjarðargöngin.

2.4.2 Skýrsla um áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf *Tímasetning stóriðjuframkvæmda*

Í þessum kafla verður fjallað um skýrslu Hagfræðistofnunarinnar um áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf sem unnin var fyrir iðnaðarráðuneytið og kom út árið 2009. Í skýrslunni er fjallað um áhrif stóriðjuframkvæmda sem hafa að mestu leyti verið í höndum erlendra fjárfesta. Rætt er um að tímasetning framkvæmdanna skipti miklu máli þar sem hlutfallslegt umfang stóriðjuframkvæmdanna sé mikið í hagkerfinu. Í því tilliti skiptir miklu máli í hvernig ástandi hagkerfið er þegar til framkvæmda kemur, hvort um sé að ræða mikinn uppgang í þjóðfélaginu þar sem atvinnuleysi er lítið eða niðursveifla og mikið atvinnuleysi er fyrir hendi.


Minni þjóðhagslegar sveiflur fylgja byggingu álvera þar sem erlendir aðilar eiga þau en ekki innlendir. Er það vegna þess að erlendir aðilar taka á sig rekstraráhættuna. Þetta þýðir að aukning á útflutningsverðmæti áls felur í sér að hagnaður er greiddur til erlendu aðilanna í formi arðgreiðslna en lækkun leiðir til minni arðgreiðslna eða í því tilfelli að um taprekstur sé að ræða getur þurft að koma til aukaframlags frá erlendu eignaraðilunum. Önnur rök fyrir minni sveiflum í rekstri álvera eru meðal annars að álverin geta notað skilvirka áhættustýringu til þess að draga úr áhrifum sveiflna í álverði á afkomu sína. Fyrirtækin geta gert framvirka

sölusamninga og þannig náð að festa núverandi söluverð fram í tímann. Orkufyrirtækin sem selja framleiðslu sína til stóriðju geta líka dregið úr vaxta- og gengisáhættunni sem fylgir því að raforkusamningar áliðnaðarins eru bundnir heimsmarkaðsverði á áli í bandaríkjadöllum og úr gengisáhættunni sem fylgir erlendu lánunum sem tekin voru vegna framkvæmda við virkjanir og álver. Þannig má segja að uppbygging erlendra stóriðju á Íslandi hafi enn sem komið er haft sveiflujafnandi áhrif á hagkerfið þrátt fyrir að vera frekar einhæf og aðallega í áli og stafar það einkum af því að hlutfall álframleiðslu á Íslandi er einungis um 2% af heildarframleiðslu í heiminum.

Ruðningsáhrif á innlendum lánsfjármarkaði vegna fjárfestinga í stóriðju voru lítil vegna þess að fjárfestingarnar voru að hluta eða öllu leyti fjármagnaðar með erlendum lántökum. Hins vegar styrktist gengi krónunnar vegna innstreymis erlends fjármagns og gerði það útflutningsfyrirtækjunum erfiðara fyrir. Að lokum er rakin tímasetning á framkvæmdunum á Austurlandi og sagt frá þeirri trú manna að krónan myndi haldast sterk meðal annars vegna framkvæmdanna og ruðningsáhrifa sem slök hagstjórn náði ekki að draga úr.

Í skýrslunni kemur fram að samkvæmt rannsókn Páls Harðarsonar (2008) þá fólst ábatinn af uppbyggingu álvera á Íslandi í því að framkvæmdirnar fóru fram þegar slaki var til staðar í hagkerfinu. Nefnir hann þessu til stuðnings að álverið í Straumsvík og raforkuverið að Búrfelli voru byggð þegar síldarresturinn varð á síðari hluta sjöunda áratugarins. Eins þegar stækkun álversins í Straumsvík og bygging álversins á Grundartanga fór fram á árunum 1992-1998 en þá var atvinnuleysi um 4%.

Mynd 2.2: Atvinnuleysi á Íslandi og tímasetning ákvarðana um álversframkvæmdir 1965-2008.



Heimild: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2009), unnið úr gögnum sem fengin voru frá Hagstofu Íslands, Alcan á Íslandi hf., Norðurál Century Aluminum og Alcoa á Íslandi.

Hins vegar þegar stækkun Norðuráls og bygging Fjarðaráls fór fram var atvinnuleysi um 3% og benda tölfræðirannsóknir til að það sé eðlilegt miðað við stöðuga verðbólgu. Þó svo að á þessum árum hafi ekki verið hátt atvinnuleysi þá mátu stjórnvöld lítið atvinnuleysi mun meira en stöðugt verðlag.

Álfyrirtæki hafa haft jákvæð áhrif á byggð og búsetu. Íbúum hefur fjölgað á Akranesi síðasta áratuginn en á árunum 1977-1981 var byggð járnblendiverksmiðja á Grundartanga. Á árunum 1997-1998 var álverið á Grundartanga byggt og stækkað þremur árum síðar og Hvalfjarðagöngin voru opnuð fyrir umferð árið 1998. Á árunum 2003-2009 fjölgaði íbúum á Austurlandi um 1.300 þegar virkjunin við Kárahnjúka var byggð. Þegar íbúum í Norðaustur- og Suðausturlandi fækkaði þá fjölgaði þeim á Mið-Austurlandi.

Vegna þess að stór hluti orkufyrirtækja er í opinberri eigu þá ber almenningur áhættuna sem fylgir rekstri fyrirtækjanna. Höfundar skýrslunnar benda á að ef erlendir aðilar myndu eiga eitthvað í orkufyrirtækjunum þá mætti draga úr áhættunni eins og á við um stóriðjuna. Einnig benda þeir á þann kost að ef innlendir einkaaðilar myndu eiga orkufyrirtækin þá væri hægt að stofna hlutafélag og draga þannig úr áhættunni.

Þess ber þó að gæta að eftir að afskriftartímanum líkur þá myndi eignaraðildin renna aftur til þjóðarinnar svo að hagnaðurinn renni ekki allur til einkaaðila.

Opinbert eignarhald á stórum hluta orkufyrirtækjanna gerir það að verkum að áhætta vegna virkjanaframkvæmda leggst á Íslendinga. Ef orkufyrirtækin væru að einhverju leyti í erlendri eigu þá mætti draga úr sveiflum á svipaðan hátt og erlendir aðilar taka á sig rekstraráhættu í stóriðjunni.

Skýrsluhöfundar benda á að það sé slaki í hagkerfinu og því gæti verið hagkvæmt að ráðast í stóriðjuframkvæmdir en huga beri að áhrifunum sem slíkar framkvæmdir kynnu að hafa á krónuna (Hagfræðistofnun, 2009).

Skýrsluhöfundar telja að á næstu árum sé tími sem nýta ætti til að ráðast í stóriðjuframkvæmdir. Rök sem þeir færa fyrir því eru að nú sé slaki í hagkerfinu og framkvæmdir sem stóriðja hefur í för með sér muni hafa jákvæð áhrif á vinnumarkað. Skýrsluhöfundar telja jafnframt æskilegt að skoða hvort ekki eigi að leyfa erlendum fjárfestum að fjárfesta í orkufyrirtækjum tengdum stóriðjufyrirtækjunum til að draga úr áhættu almennings af rekstrinum. Eins beri að skoða tímabundna leigu á orkuauðlindum.

Íslensk stjórnvöld hafa nánast eingöngu lagt áherslu á að fá til landsins orkufrekan iðnað til að nýta sem best orkuauðlindir landsins. Höfundur veltir því fyrir sér hvort ekki sé komin tími til að bjóða upp á fjölbreyttari möguleika á orkunýtingu með því að höfða til víðari hóps fjárfesta en gert hefur verið. Til samanburðar má nefna Írland sem gerð er grein fyrir hér á eftir. Írar hafa náð mestum árangri af ESB – löndum í því að laða til sín erlenda fjárfesta í framleiðsluiðnaði. Þetta hafa þeir gert með lágum sköttum á fyrirtæki (14,7% árið 2005) og styrkjum til nýrra erlendra fyrirtækja. Það sem er öðruvísi á Írlandi borið saman við Ísland er að þar hefur verið viðvarandi atvinnuleysi, þar er mikil nálægð við markaði og þar er töluð enska. Nú hefur þetta breyst með tilliti til þess að atvinnuleysi er óvenju mikið á Íslandi og þó svo að ekki sé töluð enska á Íslandi þá er tungumálakunnátta þjóðarinnar mjög góð. Það sem Ísland hefur fram yfir Írland er umhverfisvæn orka sem er mjög eftirsóknarverð í heiminum i dag. Ísland ætti því ekki að vera verri kostur en Írland í augum erlendra fjárfesta sé þeim boðið svipað efnahagslegt umhverfi.

3. Írland

3.1 Bein erlend fjárfesting á Írlandi.

Árið 1958 setti írski ríkisstjórnin fram stefnu sem fól í sér að laða ætti erlent fjármagn til landsins til þess að sporna við atvinnuleysi og koma í veg fyrir frekari fólksflutninga frá landinu. Á sjötta áratugnum höfðu meira en 400.000 þúsund Írar flutt úr landi og það bjuggu færri en 3 milljónir í landinu. Erlenda fjármagnið átti þannig að auka landsframleiðslu og fjölbreytni í framleiðslu. Einnig hefur verið bent á að hugsanlega hafi ríkisstjórnin óttast að möguleg aðild Írlands að EFTA gæti leitt af sér tap fyrir landið ef innlengi markaðurinn væri óhagkvæmari heldur en markaðir annarra ríkja.

Eitt af helstu einkennum stefnu írsku ríkisstjórnarinnar gagnvart beinum erlendum fjárfestingum er að einblínt er á að skapa atvinnu og veita þeim erlendum fjárfestum sem vilja fjárfesta öryggi. Sem dæmi má nefna þá voru fyrirtæki sem ætluðu að hefja starfsemi á Írlandi á níunda áratugnum fullvissuð um að fyrirtækjaskattarnir yrðu óbreyttir fram til ársins 2000, og árið 1990 var það framlengt til ársins 2010. Peningur ríkisins er tryggður með þeim hætti að greiðslurnar eru tengdar við eign ef verkefnið skyldi mistakast.


Breytingarnar sem ríkisstjórnin gerði voru meðal annars að gera tvísköttunarsaminga við landið sem erlendu fyrirtækin komu frá, skattafrelsi og tollívilnanir voru notaðar. Allar þær breytingar sem ríkisstjórnin gerði voru framkvæmdar smám saman til þess að lágmarka óvissuna fyrir fyrirtækin.

Beinu erlendu fjárfestingarnar fóru fram með þeim hætti að í fyrsta lagi tóku erlendu fyrirtækin yfir írsk fyrirtæki. Í öðru lagi stækkuðu erlend fyrirtæki sem þegar voru á markaðnum við sig (Long, 2010). Í þriðja lagi voru stofnuð ný fyrirtæki frá

grunni og í fjórða lagi settu erlendu aðilarnir af stað samrekstur með írskum fyrirtækjum (Ruane, 1997) .

Stefnan sem ríkisstjórnin beitti skilaði árangri og þegar hún er borin saman við Norðurlöndin má sjá að beinu erlendu fjárfestingarnar á Írlandi voru mun meiri en á Norðurlöndunum og mun stærra hlutfall af landsframleiðslu.

Mynd 3.1: Innflæði beinna erlendra fjárfestinga mælt sem hlutfall af landsframleiðslu.



Heimild: <http://www.unctad.org>

3.2 Stefna Írsku ríkisstjórnarinnar

Írsku ríkisstjórnin beitti aðallega skattaávilnunum og styrkjum til þess að laða að beina erlenda fjárfestingu. Skattaávilnanirnar fóru þannig fram að á sjötta áratugnum var veitt sérstakt skattleysi á útflutningsölu og átti það fyrst að vera til tíu ára en var síðan framlengt til fimmtán ára. Síðar þá þvingaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins Íra til þess að breyta um stefnu og frá árinu 1982 áttu nýstofnuð fyrirtæki að greiða 10% fyrirtækjaskatt á allan hagnað en ekki einungis þann sem féll til af útflutningssölu. Síðar var gerður annar samningur þess efnis að frá árinu 2003 var lagður 12,5 % skattur á nýstofnuð fyrirtæki og 10 % skattur á fyrirtæki sem þegar voru starfandi og átti samningurinn að gilda til ársins 2010.

Styrkirnir sem veittir voru erlendum fyrirtækjum á Írlandi voru aðallega í formi reiðufjár og áttu þeir að standa straum af kostnaði vegna véla og uppbyggingar nýrra verksmiðja sem nýttar voru til framleiðslu á vörum fyrir útflutningsmarkaðinn.


Árið 1982 tók Írska ríkisstjórnin ákvörðun um að styrkirnir skyldu síðan vera veittir fyrir öll framleiðslufyrirtæki en ekki aðeins þeim sem stóðu í útflutningi. Þessar aðgerðir áttu að ýta undir það að erlendir fjárfestar kæmu til landsins þar sem ljóst var að hagkvæmt væri fyrir þá að hefja starfsemi í landinu vegna mikilla styrkja og lágra fyrirtækjaskatta (Buckley og Ruane, 2006).

IDA Ireland var stofnað árið 1948 með það markmið að laða að erlend fyrirtæki til landsins. Í upphafi hafði IDA takmörkuð úrræði fram að bjóða en árið 1956 var þeim veitt vald til þess að veita styrki sem standa ættu straum af kostnaði vegna kaupa á landsvæðum og byggingum. Árið 1979 fékk IDA aukið vald með Industrial Development Act árið 1969 en þá byrjuðu samtökin að vinna undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra en áður hafði IDA einungis boðið fyrirtækjum þjónustu án aðkomu stjórnvalda. Á áttunda áratugnum fékk IDA það verk að velja verkefni þar sem möguleikar til vaxtar á markaði væru mestir. Aðferðirnar sem notaðar voru við val á verkefnum voru þannig að í fyrstu var byrjað á því að finna út markaði sem byggju yfir miklum vexti en þar á eftir voru fundin út sterkustu fyrirtæki í heiminum í þessum geira sem væru tilbúin í að sækja fram á erlendum mörkuðum. Að lokum var reynt að fá fyrirtækin til Írlands með ákveðnu tilboði (T.P.O'Connor, 2001). Með þessum hætti útnefndi IDA á áttunda áratugnum rafeinda-, efna- og lyfjaiðnað sem sterkustu atvinnugreina á Írlandi og völdu síðan álitlegustu fyrirtækin í þessum geirum. Á síðari árum hefur verið lögð áhersla á hugbúnaða, heilsugæslu, síma og fjármálaþjónustu (Ruane, 1997).

Enterprise Ireland sér um innlendu atvinnugreinarnar og Forfás ber ábyrgð á því að móta stefnuna varðandi það hvernig stofnanir laða að sér beinu erlendu fjárfestinguna.

Í kjölfarið á því að farið var að laða að beinu erlendu fjárfestinguna í vissum geirum þá breyttist samsetning vinnuafls í framleiðslugeiranum, þ.e.a.s frá því að vera aðallega í matvælavinnslu og í hefðbundinni framleiðslu í það að vera meira í hátækni framleiðslu. Þessu til rökstuðnings er hér birt mynd sýnir samsetningu vinnuafls eftir atvinnugreinum (Ruane, 2002).

Mynd 3.2: Samsetningu vinnuafis í framleiðslu (algildar tölur).



Heimild: Ruane (2002)

Það má með sanni segja að beinu erlendu fjárfestingarnar hafi átt þátt í nútímavæðingu Írlands og því við hæfi að fara yfir hlutdeild erlendu fyrirtækina í framleiðslunni og hve mikil störf þau hafa skapað fyrir landið. Einnig er áhugavert að skoða hvernig innlendu fyrirtækin standa sig gagnvart erlendu fyrirtækjunum.

Tafla 3.1: Hlutfall erlendra fyrirtækja í framleiðslugeiranum á Írlandi, árið 1996.

Atvinnugrein	Nettó framleiðsla		Atvinna		Hlutfall útflutnings af framleiðslu	
	Hlutfall af heild	Erlent hlutfall atvinnugreina	Hlutfall af heild	Erlent hlutfall atvinnugreina	Írsk eign	Erlend eign
Matvæli, áfengi og tóbak	22,4%	65,5%	20,5%	26,8%	47,9%	71,0%
Vefnaður	1,9%	52,5%	7,9%	45,7%	53,1%	91,4%
Leðurvörur	0,1%	--	0,4%	--	--	--
Timburiðnaður	0,7%	26,4%	2,0%	11,1%	32,3%	68,1%
Pappír og prentun	14,9%	77,9%	9,1%	29,0%	26,2%	93,0%
Efnavörur	24,9%	94,5%	8,6%	79,9%	46,3%	97,9%
Gúmí og plast	2,0%	55,0%	4,6%	49,0%	--	--
Steinefni án málma	2,3%	13,5%	4,2%	14,5%	32,5%	71,6%
Málmar	2,3%	34,2%	6,0%	23,1%	50,0%	89,3%
Vélar og tæki	3,0%	61,7%	6,3%	49,2%	59,0%	94,1%
Skrifstofutæki	11,8%	96,9%	6,8%	87,1%	61,4%*	94,6%*
Rafmagnstæki	10,1%	89,5%	14,7%	78,8%		
Flutningatæki	1,4%	31,5%	4,2%	25,8%	68,5%	96,8%
Ýmislegt	2,2%	52,2%	4,6%	37,6%	64,7%	94,4%
Heildar framleiðsla	100,0%	77,1%	100,0%	46,6%	48,0%	91,0%

* Hlutfall útflutnings samanlagt fyrir rafmagnstæki og skrifstofutæki

Heimild: Ruane og Görg (1999), byggt á gögnum frá Census of Industrial Production árið 1996.

Í töflunni sést að erlendu fyrirtækin framleiða mest í efna og hátæknigeiranum (skrifstofu- og rafmagnsvélar) sem sýnir árangurinn af stefnu ríkisstjórnarinnar við að laða að erlenda fjárfesta í vissum greinum. Einnig sést að erlendu fyrirtækin framleiða um 77,1% af vörunum og 46,6 % af starfsmönnunum í framleiðslugeiranum eru hjá erlendu fyrirtækjunum (Ruane og Görg, 1999).

Í ljósi margskonar ívilnana á Írlandi til alþjóðlegra fyrirtækja sem fjárfestu í hátækni geiranum má ætla að með tilkomu þeirra hafi viðskiptum Írlands við umheiminn aukist. Með þetta í huga er áhugavert að skoða innflutning Írlands frá árinu 1960 til 1999 samanber tafla 3.2

Tafla 3.2: Útflutningur Írlands frá árinu 1960 til ársins 1999 (%)

	Bretland	Önnur lönd í evrópu	Bandaríkin	Önnur lönd	Samtals
1960	75	6	8	11	100
1970	62	11	13	14	100
1980	43	32	5	20	100
1990	34	41	8	17	100
1999	22	43	15	20	100

Heimild: Ruane (2002) byggt á gögnum frá Forfás

Í töflunni sést að útflutningur Írlands var aðallega til Bretlands árið 1960 en smám saman breytist það og fjölbreytni verður meiri hvað útflutningslöndin varðar. Þessu til viðbótar má nefna að þegar að tölur um hlutfall vöruinnflutnings/útflutnings af vergri landframleiðslu fyrir Írland eru skoðaðar þá kemur fram að hlutur Írlands fer sífellt stækkandi á árunum 1970–2000 og landið því sífellt að verða opnara og opnara (Ruane og Görg, 1999).

Tafla 3.3: Hlutfall af meðal vöruútflutningi og innflutningi (merchandise exports and imports) af vergri landsframleiðslu árin 1970-2000 (%).

Land	1970	1980	1990	1998	2000
Frakkland	13	18,9	18,9	20,7	23
Þýskaland	17,4	23,5	25,1	23,7	28
Ítalía	13,1	19,9	16,1	19,8	22,1
Holland	42,8	50,4	45,5	50,9	55,7
Belgía- Lúxemborg	45,5	56,9	60,9	66,2*	--
Bretland	16,7	21	21	21,6	21,8
Írland	33,8	48,7	48,8	67,5	67,8
Danmörk	24	26,6	25,3	26,7	28,7
Svíþjóð	20,5	25,6	24,3	34,1	35,1
Austurríki	21,6	26,7	28,3	30,9	35,1
Noregur	24,5	28	26,5	26	27,9
Bandaríkin	4,2	8,9	8,2	9,9	10,3
Japan	9,4	12,8	8,8	8,8	9
Ástralía	12,5	13,8	13,8	16,5	17,3

* Þessi tala á við um Belgíu-Lúxemborg 1997 vegna skorts á gögnum

Heimild: Ruane (2002), byggt á gögnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um vöruútflutning og innflutning. Tölurnar um verga landsframleiðslu til og með ársins 1998 eru fengnar frá heimasíðu tengdum Lane og Milesi-Ferretti. Tölurnar um verga landsframleiðslu árið 2000 eru fengnar frá vefsíðu OECD.

Til þess að geta metið þá atvinnusköpun sem beinu erlendu fjárfestingarnar á Írlandi skiluðu er fróðlegt að bera atvinnusköpunina saman við önnur lönd (Barry, Gorg, og Mcdowell, 2003) .

Tafla 3.4: Hlutfall vinnuafls í framleiðslufyrirtækjum í erlendri eigu fyrir valin OECD lönd.

Land	Hlutfall vinnuafls í framleiðslu hjá erlendum fyrirtækjum (%)
Tékkland	16,2
Frakkland	27,8
Finnland	15,9
Þýskaland	6
Ungverjaland	44,9
Írland	47,5
Ítalía	11,5
Japan	1,1
Holland	19,7
Noregur	17,4
Svíþjóð	21,1
Tyrkland	5,3
Bretland	17,8
Bandaríkin	13,4

Heimild: Barry, Gorg, Mcdowell (2002), byggt á gögnum frá OECD (2001) *Science, Technology and Industry, table C.4.1.*

3.3 Áhrif beinu erlendu fjárfestinganna á Írland.

Þeir Kim og Bang rannsökuðu áhrif beinna erlendra fjárfestinga á hagvöxt á Írlandi. Rannsóknin fór þannig fram að rannsakað var skammtíma og langtíma samband milli hagvaxtar og beinnar erlendrar fjárfestingar á Írlandi. Gögnin sem notuð voru við rannsóknina náðu yfir árin 1975 til 2006 og samanstóðu af landsframleiðslu, vinnuafli, viðskiptum og erlendri fjármunaeign. Þeir notuðu *augmented aggregate production growth function* og komust að því að beina erlenda fjárfestingin hefði jákvæð áhrif á hagvöxt (Kim og Bang, 2008).

Í ritinu *Multinational Companies, Technology Spillovers and Plant Survival: Evidence for Irish Manufacturing* var kannað hvort alþjóðleg fyrirtæki hafi jákvæð áhrif á fyrirtæki gestalandsins. Vegna tæknilegra yfirburða alþjóðlegu fyrirtækjanna

þá eiga jákvæðu áhrifin sem af þeim hljóttast að vera tækniþekkingin sem smitast til innlendu fyrirtækjanna. Niðurstaðan var á þá leið að tilvist alþjóðlegu fyrirtækjanna hefði jákvæð áhrif á hátæknigeirann en hinsvegar hefði þau engin áhrif á innlendu fyrirtækin í minna þróaðri geirum. Til þess að komast að þessari niðurstöðu þá notuðu þeir Görg og Strobl líkanið Cox proportional hazard á gögn fyrir tímabilið 1973-1990 sem fengin voru úr *Employment Survey* sem Forfás framkvæmir árlega fyrir tímabilið 1973 til 1996 (Strobl og Görg, 2001) .

Barry og Kearney rannsökuðu hvort alþjóðafyrirtækin hefðu haft þau áhrif að írska hagkerfið hefði orðið fjölbreyttara, hvort að erlend alþjóðafyrirtæki vaxi hraðar með meira flökti heldur en innlendu fyrirtækin og hvort að vöxtur erlendu alþjóðafyrirtækjanna miðað við innlendu fyrirtækin hefðu leitt til meiri vaxtar á kostnað meira flökts og áhættu. Við rannsóknina voru notuð gögn tímabilsins 1974 - 1999 um atvinnuþátttöku í írska framleiðslugeiranum. Niðurstaða þeirra var sú að áhrif þess að laða að erlend alþjóðafyrirtæki í vaxandi hátæknigeirum hefði aukið fjölbreytni móttökulandsins og þar með stuðlað að meiri atvinnuvexti. Í niðurstöðum úr rannsókn þeirra kom einnig fram að beinar erlendar fjárfestingar geta hjálpað til við að auka fjölbreytni hagkerfisins sem aftur vex hraðar án þess þó að auka flökt eða áhættu ef fyrirtæki starfa á markaði þar sem alþjóðafyrirtækin hafa ekki fullkomna fylgni við ríkjandi innlend fyrirtæki (Barry og Kearny, 2006).

Lokaorð

Fjallað hefur verið um skilgreiningu og gagnsemi beinna erlendra fjárfestinga og hvers vegna ríkisstjórnir sækjast eftir þeim. Í því tilliti þá hefur verið farið yfir stöðu Íslands í þeim málum og hvernig stjórnvöld hafa beitt sér. Gerð var grein fyrir í hvaða greinum erlendir aðilar hafa aðallega verið að fjárfesta hér á landi og þá almennu umræðu sem verið hefur um nýtingu erlendra aðila á auðlindum landsins. Því næst var skoðað hvernig Írland hefur beitt sér í því að fá til sín erlenda fjárfesta og hvernig reynsla þeirra af fjárfestingunum hefur verið.

Það er ljóst að það getur verið mjög hagkvæmt fyrir lönd að fá beina erlenda fjárfestingu til sín. Bein erlend fjárfesting færir, fyrir utan fjármagn, þekkingu, tækni og aukin atvinnutækifæri, oftast en ekki aðgang að mörkuðum fyrir framleiðsluvörur sem fylgja fjárfestingunni. Erlendi fjárfestirinn er með langtíma markmið þannig að fjárfestingin er hugsuð til lengri tíma.

Þrátt fyrir að margt sé jákvætt við beina erlenda fjárfestingu verða stjórnvöld samt sem áður að sýna varúð með tilliti til náttúruauðlinda sinna. Náttúruauðlindir eru líka eign komandi kynslóða og því verða stjórnvöld að gæta að því að yfirráð yfir náttúruauðlindum og nýtingu þeirra sé í samræmi við hagsmuni komandi kynslóða.

Heimildaskrá

- Arnór Sighvatsson. (1996). Bein erlend fjárfesting og alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja. *Fjármalatíðindi*, XLIII(2), 129-50.
- Barry, F., Gorg, H. og McDowell, A. (2003). Outward FDI and the Investment Development Path of a Late-industrializing Economy: Evidence from Ireland. *Regional Studies*, 37(4), 341-349. doi: 10.1080/0034340032000074389.
- Barry, F. og Kearney, C. (2006). MNEs and industrial structure in host countries: a portfolio analysis of Irish manufacturing. *Journal of International Business Studies*, 37(3), 392-406.
- Beattie, A. (2002). Market Crashes: The Dotcom Crash. Sótt á veraldarvefinn 20.10.2010 af: <http://www.investopedia.com/features/crashes/crashes8.asp>.
- Blomström, M. og Kokko, A. (2003). *The Economic Of Foreign Direct Investment Incentives*. Cambridge.
- Buckley, P. J. og Ruane, F. (2006). Foreign Direct Investment in Ireland: Policy Implications for Emerging Economies. *The World Economy*, 29(11), 1611-1628. doi: 10.1111/j.1467-9701.2006.00860.x.
- Capacent Glacier. (2009). *Foreign Investment in Iceland: Past Lessons, Present Situation, Future Opportunities*.
- Daníel Svavarsson. (2007). Erlend staða þjóðarbúsins og þáttatekjur. *Peningamál*, (2.hefti), 54-74.
- Deutsche Bundesbank. (2003). *The role of FDI in emerging market economies compared to other forms of financing: Past developments and implications for financial stability*. Frankfurt.
- Goldstein, I., og Razin, A. (2002). An Information-Based Trade Off Between Foreign Direct Investment and Foreign Portfolio Investment: Volatility, Transparency and Welfare.
- Gylfi Zoega og Tryggvi Þór Herbertsson. (2005). *Fyrirkomulag gengismála á Íslandi Horft til framtíðar*, 110-116. Reykjavík.
- Daði Már Kristófersson, Gunnar Haraldsson, Sveinn Agnarsson og Kristín Eiríksdóttir. (2009). *Áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
- Hall, R., Feldstein, M., Bemanke, B., Frankel, J., Gordon, R., Zarnowitz, V. (2001). The Business-Cycle Peak of March. Sótt á veraldarvefinn 20.10.2010 af: <http://www.nber.org/cycles/november2001/recessions.pdf>.

- Indriði H. Þorláksson. (2009). Efnahagsleg áhrif erlendra stóriðju á Íslandi. Sótt á veraldarvefinn 20.12.2010 af:
http://web.mac.com/inhauth/Indri%C3%B0i_H._%C3%9Eorl%C3%A1ksson/%C3%81grip_s%C3%AD%C3%B0ustu_greinar.html.
- Inter-American Development Bank. (2001). Foreign Direct Investment Policies. Sótt á veraldarvefinn 20.12.2010 af:
http://www.iadb.org/res/publications/pubfiles/pubB-2001E_8110.pdf.
- Invest in Iceland Agency. (2010). Doing Business in Iceland. Sótt á veraldarvefinn 20.10.2010 af:
http://www.invest.is/resources/Files/invest_is/Publications/DoingBusiness-2010-update.pdf.
- Katrín Júlíusdóttir. (2009). *Ráðstefna um beina erlenda fjárfestingu*. Sótt á veraldarvefinn 10.12.2010 af: <http://www.idnadarraduneyti.is/radherra/raedur-greina-KJ/nr/2787>.
- Kim, K. og Bang, H. (2008). *The Impact of Foreign Direct Investment on Economic Growth : A Case Study of Ireland*.
- Krugman. (2008). *International Economics: Theory and Policy* (8th ed.). Pearson.
- Lipseý, R. (2001). Foreign Direct Investors in Three Financial Crises.
- Long, F. (2010). Towards a Political Economy Framework of Foreign Direct Investment. *American Journal of Economics and Sociology*, 36(2), 171-185.
- Miller, T., Holmes, K. R., Roberts, J. M. og Kim, A. B. (2010). Index of Economic Freedom, (September 2009), 2009-2010.
- Mérette, M., Georges, P. og Dissou, Y. (2008). *Liberalizing Foreign Direct Investment Restrictions in Canada : A Multi-Country Computable General Equilibrium Analysis Liberalizing Foreign Direct Investment Restrictions in Canada : A Multi-Country Computable General Equilibrium Analysis Abstract. Policy*.
- National Bureau of Economic Research. (2008). Determining of the December 2007 Peak in Economic Activity. Sótt á veraldarvefinn 20.10.2010 af:
http://www.iadb.org/res/publications/pubfiles/pubB-2001E_8110.pdf.
- Nefnd um orku - og auðlindamál. (2010). *Um kaup Magma Energy Sweden AB á eignarhlutum í HS Orku hf*. Reykjavík.
- OECD. (2003). *VII. Foreign Direct Investment Restrictions in OECD Countries*. Sótt á veraldarvefinn 20.10.2010 af:
<http://www.oecd.org/dataoecd/24/35/2956455.pdf>.
- Razin, A. (2002). *FDI Contribution to Capital Flows and Investment in Capacity*. Cambridge.

- Ruane, F. (1997). *Reflection on Irish Industrial Policy towards Foreign Direct Investment*. Dublin.
- Ruane, F. (2002). *Foreign Direct Investment in Ireland*. Dublin.
- Ruane, F., & Görg, H. (1999). Some Reflections on Foreign Direct Investment Policy for the Manufacturing Sector in Ireland.
- Seðlabanki Íslands. (2010). *The Economy of Iceland* (pp. 1-89). Reykjavík.
- Stefán Arnarson. (2000). Bein fjárfesting Íslendinga í atvinnurekstri erlendis. *Peningamál*, 48-51.
- Strobl, E., & Görg, H. (2001). *Multinational Companies, Technology Spillovers and Plant Survival: Evidence for Irish Manufacturing*.
- T.P.O'Connor. (2001). Foreign Direct Investment and Indigenous Industry in Ireland: Review of Evidence. Dublin.
- The World Bank Group. (2010). *Investing Across Borders 2010. World*. Washington, D.C.
- Unctad. (2010). Innflæði beinnar erlendrar fjárfestingar í heiminum á gengi og verðlagi hvers árs. Sótt á veraldarvefinn 20.10.2010 af:
<http://unctadstat.unctad.org/TableViewer/tableView.aspx?ReportId=89>.
- Þórður Friðjónsson og fl. (2002). *Horft til framtíðar*. Reykjavík.